



## Félagsheimilið á Blönduósi ehf. AÐALFUNDUR – 10. júlí 2007

Aðalfundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi þriðjudaginn 10. júlí 2007 klukkan 12:00 á bæjarskrifstofu.

Mætt voru Nína Margrét Pálmadóttir, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Sigurður Jóhannesson, og Guðmundur Karl Ellertsson.

### Dagskrá:

1. Ársreikningur 2006.
2. Tilboð í þakviðgerðir.
3. Starfsmannamál.
4. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Ársreikningur 2006.

Rekstrartekjur ársins námu 6.114.118 og rekstrargjöld um 13.088.313. Fjármagnsgjöld nema kr. 24.141. Tap félagsheimilisins nemur tæpum 7 mkr. á árinu. Framlag aðalsjóðs á árinu eru rúmar 4,6 mkr.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning.

#### 2. Tilboð í þakviðgerðir.

Fram lögð tilboð frá tveimur aðilum í verkið. Kostnaðaráætlun Verkfræðistofunnar Stoðar ehf. hljóðar uppá 3.060.125,-

#### Tilboð:

1. Höfuð-verk: kr. 2.726.260,-
- 2 Pappi.is: kr. 3.854.953,-

Stjórnin tekur tilboði lægstbjóðanda og felur eftirlitsmanni eigna Blönduóssbæjar að ganga frá verksamningi.

#### 3. Starfsmannamál.

Þar sem umsóknarfrestur rennur út í dag er formanni falið að vinna áfram að málinu og ganga frá ráðningu umsjónarmanns Félagsheimilisins við fyrstu hentugleika.

#### 4. Önnur mál.

Stjórnin lýsir yfir sérstakri ánægju með snyrtilegan og smekklegan frágang við Félagsheimilisplanið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)  
Sigurður Jóhannesson (sign.)  
Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)